



Reykjavík, 2. maí 2018
VEL2018040060
330. fundur
ASA/gsg/jvp

Lagt fyrir fund velferðarráðs 3. maí 2018

Minnisblað - Vinnuskjal -

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: Greinargerð með fjárhagsáætlun 2019-2023

Meðfylgjandi samantekt fylgir fimm ára áætlun velferðarsviðs fyrir árin 2019-2023. Það sem flokkast sem skuldbindingar eru verkefni sem búið er að samþykkja í borgarráði eða eru nauðsynleg til þess að uppfylla ákvæði laga og reglugerða. Til áhættu í rekstri flokkast þau verkefni sem eru í farvegi hjá velferðarsviði sem kalla á aukið fjármagn.

Eins og undanfarin ár þá eru bundnir liðir taldir til skuldbindinga. Til bundinna liða teljast fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnæðisstuðningur. Ekki hefur verið lagt mat á þróun bundinna liða á næstu árum að svo stöddu en gert er ráð fyrir því að ársáætlun verði endurskoðuð reglulega. Mikil fækkun hefur verið í hópi notenda framfærslustyrks fjárhagsaðstoðar undanfarin ár eða frá um 1.500 notendum á mánuði að jafnaði árið 2014 þegar mest var í færri en 1.000 notendur að jafnaði á mánuði árið 2017. Gert er ráð fyrir því að það hægi á fækkun notenda framfærslustyrks eftir því sem hagsveiflan nær hámarki. Að undanförmu hafa útgjöld til sérstaks húsnæðisstuðnings verið að nálgast áætlun.

Hvað varðar skuldbindingar og áhættur í rekstri er ljóst að ekki er um tæmandi lista að ræða. Kostnaðaráhrif nýrra laga geta verið umtalsverð m.a. breytingar á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þeir liðir sem koma fram í fimm ára áætlun velferðarsviðs 2019-2023 eru eftirfarandi:

Skuldbindingar

- a) Nýr þjónustukjarni við Sléttuveg - Hrafnista
- b) Fjölgun notenda í félagslegri heimaþjónustu
- c) Uppbygging og nýliðun í vinnumiðaðri stoðþjónustu
- d) Lagfæring herbergjasambýla
- e) Nýr samningur - Trúnaðarlæknaþjónusta
- f) Skammtímavistun
- g) Heimili fyrir börn
- h) Þjónusta við utangarðsfólk
- i) Úrbótaáætlun Barnaverndar Reykjavíkur
- j) Uppbyggingaráætlun í sértækum húsnæðisúrræðum
- k) Kjarabætur vegna NPA: Notendastýrð Persónuleg Aðstoð.
- l) Ferðaþjónusta fatlaðs fólks

Lagt hefur verið mat á áhættur í rekstri sviðsins og kostnaðarmetnir 23 liðir. Ýmis áhætta er fólgin í starfsemi sviðsins sem ekki hefur verið kostnaðarmetin og má þar nefna skort á starfsfólki í umönnunarstörf og í sértækum húsnæðisúrræðum. Mannekla eða skortur á starfsfólki getur kallað á aukið álag og fjölgun greiddra yfirvinnustunda sérstaklega þar sem veitt er viðkvæm þjónusta þar sem nauðsynlegt þykir að koma í veg fyrir þjónusturof. Þá getur reynst óhjákvæmilegt að manna vaktir með dýrari starfsmönnum en annars og einnig getur kostnaður aukist vegna þjálfunar nýs starfsfólks.

Áhættur í rekstri (þróun þjónustu):

- 1) Liðsaukinn - færanleg stuðningsþjónusta
- 2) Stöðugildi forstöðumanns Þingvað/Mónað
- 3) Vinnumiðuð stoðþjónusta - nýtt úrræði
- 4) Breytingar á M20
- 5) Nýtt úrræði
- 6) Næturvaktir
- 7) Fræðsla starfsmanna
- 8) Upplýsinga- og kynningarmál
- 9) Veikindapottur - langtíma veikindi starfsstaða fyrir utan búsetu
- 10) Samræming opnunartíma skammtímavistanna
- 11) Skólaþjónusta í Breiðholti v. barna af erlendu bergi
- 12) Aðgerðaráætlun í innflytjendamálum
- 13) Stjörnumat
- 14) TINNA
- 15) Hálft stöðugildi v. Laugarásverkefnisins
- 16) Framleiðslueldhús - nýtt húsnæði og stækkun
- 17) Stoðþjónusta fyrir eldri borgara
- 18) Opnunartími félagsmiðstöðva
- 19) Gistiskýlið
- 20) Foreldranámskeið - Peers
- 21) Túlka og þýðingþjónusta
- 22) Dagdvöl - efri byggð
- 23) Aukning stöðugilda í skólaþjónustu

Meðfylgjandi er nánari umfjöllun um skuldbindingar:

a) Nýr þjónustukjarni við Sléttuveg (Hrafnista)

Undirritaður hefur verið samningur og viljayfirlýsing um byggingu og rekstur nýs hjúkrunarheimilis, þjónustumiðstöðvar og leiguíbúða fyrir aldraða við Sléttuveg í Fossvogsdal. Velferðarsvið mun koma að rekstri þjónustumiðstöðvar með yfir 7 stöðugildum á ársgrundvelli vegna stoðþjónustu, stjórnunar, móttökueldhús og reksturs borðsals. Launakostnaður er áætlaður 68 mkr, annar rekstrarkostnaður 47 mkr en þar af er gert ráð fyrir 38 mkr. vegna húsaleigu á 1250 m². Gert er ráð fyrir tekjum um 7 mkr á ári og er því heildarkostnaður áætlaður um 109 mkr. Eftir er að semja um félagslega heimaþjónustu fyrir íbúa í leiguíbúðum aldraðra við Sléttuveg en í þessari áætlun er gert ráð fyrir heildarkostnaði sem nemur 24 mkr. Laun taka mið af samningi Eflingar og starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Gert er ráð fyrir opnun í lok árs 2019 og gerir áætlun ráð fyrir útgjöldum 36 mkr það árið en 109 mkr eftir það.

b) Fjölgun notenda í félagslegri heimaþjónustu (aldraðir)

Aldraðir eru ört stækkandi þjóðfélagshópur á Íslandi og því fjölgar einnig þeim sem þurfa á félagslegri heimaþjónustu að halda. Samkvæmt spá Hagstofu Íslands um þróun mannfjölda á Íslandi á árunum 2019-2023 er gert ráð fyrir að öldruðum á Íslandi fjölgi um rúmlega 14% á þessum árum. Sé miðað við sömu fjölgun aldraðra í Reykjavík yfir þetta tímabil þá mun þeim sem nýta sér heimaþjónustu fjölga um rúmlega 100 að meðaltali á ári. Heildarkostnaður við þessa aukningu er metinn um 66 mkr árið 2019 og svo á bilinu 50-53 mkr á ári eftir það.

c) Uppbygging og nýliðun í vinnumiðaðri stoðþjónustu

Frá yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga hefur ekki verið lögð áhersla á uppbyggingu í vinnumiðaðri stoðþjónustu utan þess að rýmum hefur verið fjölgað í núverandi úrræðum til þess að mæta bráðþörf. Á næstu árum er von á stórum árgöngum inn í þjónustuna ef miðað er við þá einstaklinga sem nýta sér lengda viðveru fyrir fatlaða framhaldsskólanema sem er sá hópur sem talið er líklegast að þurfi á vinnumiðaðri stoðþjónustu að halda í framtíðinni. Mikilvægt er að bregðast við þeirri þörf sem blasir við næstu árin. Velferðarsvið leggur áherslu á þjónustukeðju í þjónustu við fatlað fólk, þannig að ekki komi rof í nauðsynlega þjónustu við ákveðin tímamót s.s. útskrift úr framhaldsskóla. Þannig er gert ráð fyrir að fjölga þurfi rýmum í vinnumiðaðri stoðþjónustu vegna uppbyggingar og nýliðunar um tólf árið 2019, fimm árin 2020 og 2021, fimmtán árið 2022 og átján árið 2023. Áætlaður kostnaðarauki vegna þessara rýma hefur verið metinn 104 mkr árið 2019, 43 mkr árin 2020 og 2021, 130 mkr árið 2022 og 156 mkr árið 2023.

d) Lagfæringar herbergjasambýla

Samkvæmt gildandi framkvæmdaráætlun í málefnum fatlaðs fólks er kveðið á um niðurlagningu herbergjasambýla. Ljóst er að íbúðakjarni er dýrara rekstrarform en herbergjasambýli og því mun þessum breytingum fylgja kostnaður. Árið 2019 er gert ráð fyrir breytingu á einu sértæku húsnæðisúrræði, einu árið 2020, tveimur árið 2021 og einu árið 2023. Kostnaðurinn mun því dreifast misjafnlega á milli ára en árið 2019 er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði 33 mkr.

e) Nýr samningur - Trúnaðarlæknaþjónusta

Greitt er fyrir trúnaðarlæknaþjónustu samkvæmt samningi en kostnaður velferðarsviðs hækkaði um 4 mkr á ársgrundvelli vegna nýs samnings frá og með árinu 2018.

f) Skammtímavistun

Um er að ræða heimili á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks, sem myndi þjóna allt að 8-10 börnum með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Þjónustunni er ætlað að létta álagi af fjölskyldum barnanna og stuðla með þeim hætti að því að þau geti búið sem lengst í heimahúsi. Að jafnaði myndu 5 einstaklingar dvelja á hverjum tíma. Einnig er gert ráð fyrir að úrræðið veiti barni stuðningsþjónustu þann tíma sem það dvelur á heimili sínu, svo að hægt sé að tryggja samfellda þjónustukeðju. Þjónustan hefur verið aðkeypt frá Vinakoti/Klettabæ og/eða Ylfu, þar sem fagleg aðkoma velferðarsviðs er takmörkuð, auk þess er gert ráð fyrir að ná megi meiri hagkvæmni við rekstur heimilisins með samnýtingu stjórnenda og starfsmanna. Með úrræðinu má draga úr aðkeyptri þjónustu af hálfu þriðja aðila og koma í veg fyrir eða seinka frekari vanda barna sem annars myndi kalla á dýrara úrræði fyrir í þjónustuferlinu. Áætlaður rekstrarkostnaður er um 260 mkr á ári.

g) Heimili fyrir börn

Á árinum 2017 og 2018 hefur velferðarsvið verið að kaupa þjónustu af þriðja aðila vegna þjónustu og búsetu nokkurra ungmenna. Afar brýnt er að hefja uppbyggingu heimilis fyrir börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir til að koma til móts við þjónustufarfarir. Með úrræðinu má draga úr aðkeyptri þjónustu af hálfu þriðja aðila og koma í veg fyrir eða seinka frekari vanda barna sem annars myndi kalla á dýrara úrræði fyrir í þjónustuferlinu. Áætlaður rekstrarkostnaður nýs heimilis er metinn um 201 mkr. Fyrir liggja fjárheimildir um 123 mkr vegna Sogavegs sem nýta má við þessa uppbyggingu. Viðbótarkostnaður heimilisins er því metinn um 78 mkr.

h) Þjónusta við utangarðsfólk

Tillaga um þróun á þjónustu við utangarðsfólk með fjölgun starfsmanna í svokölluð VoR teymi (vettvangs og ráðgjafateymi) á árunum 2018 til 2020 var samþykkt í velferðarráði 7. desember 2017 og í borgarráði 14. desember 2017. Tillagan gerði ráð fyrir fjölgun um 3 stöðugildi árið 2018, 2 stöðugildi árið 2019 og einu stöðugildi árið 2020. Þá gerir tillagan ráð fyrir fjölgun félagslegra leiguíbúða sem úthlutað er í undir formerkjum Housing First um fjórar á ári á tímabilinu.

i) Úrbótaáætlun Barnaverndar Reykjavíkur

Úrbóta er þörf hjá Barnavernd Reykjavíkur (BR) vegna vankanta sem fundist hafa við ráðningaferli og í þjónustu. Þegar hafa verið samþykktar úrbætur á ákveðnum verkferlum BR til að styrkja barnaverndarstarf og umgjörð starfsmannamála frá árinu 2018. Á árunum 2019-2023 þarf enn frekar að styrkja þessar úrbætur. Um er að ræða viðhald ábengingahnapps, fjölgun starfsfólks á næturvöktum í búsetuúrræðum fyrir börn og unglinga þannig að á hverjum tíma verði að lágmarki tveir starfsmenn að störfum og auknum stuðningi og ráðgjöf við stjórnendur með eflingu mannauðsþjónustu velferðarsviðs. Kostnaðarauki á árinu 2019 er metinn um 12 mkr.

j) Uppbyggingaráætlun í sértækum húsnæðissúrræðum

Gert er ráð fyrir fjölgun sértækra húsnæðissúrræða í samræmi við gildandi uppbyggingaráætlun 2017-2030. Á árinu 2019 er gert ráð fyrir opnun á þremur nýjum húsnæðissúrræðum þ.e. einum íbúðakjarna fyrir geðfatlaða, einum íbúðakjarna fyrir þroskahamlaða og einum kjarna fyrir sjálfstæða búsetu með stuðningi. Þá er í kostnaðarmati ársins 2019 eftirstöðvar af fyrri uppbyggingaráætlun sem klárast á árinu 2019. Samtals er gert ráð fyrir auknum kostnaði um 338 mkr árið 2019.

k) Kjarabætur vegna NPA: Notendastýrð persónuleg aðstoð

Notendastýrð persónulega aðstoð (NPA) verður lögbundið þjónustuúrræði þann 1. janúar 2019. Frá árinu 2014 hafa NPA samningar verið gerðir á grundvelli tilraunaverkefnis. Fjárhæð NPA samninga taka mið af kjarasamningum og því gerir kostnaðarmat ársins 2019 ráð fyrir hækkunum núgildandi samninga. Árið 2018 eru 13 samningar í gildi undir formerkjum tilraunaverkefnisins. Kostnaðarmat gerir ráð fyrir 6% hækkun árið 2019 eða samtals 14 mkr að teknu tilliti til mótframlags ríkisins.

Vakin er athygli á því að ljóst er að NPA samningum muni fjölga á komandi misserum en ekki liggur fyrir á þessari stundu hvernig sú þróun verður. Í farvatni eru tillögur um fjölgun samninga strax árið 2018 sem munu leiða til hækkunar á kostnaðarmati vegna kjarasamningsbreytinga árið 2019. Fjölgun samninga á komandi árum mun leiða til útgjaldaauka á sviðinu þar sem umfang núverandi þjónustu er að jafnaði minni en þjónustu á formi NPA, einkum á sviði næturbjónustu. Kostnaðarauki getur verið umtalsverður þrátt fyrir mótframlag úr ríkissjóði sem hingað til hefur verið 25% af heildar samingsfjárhæð NPA samninga.

l) Ferðabjónusta fatlaðs fólks

Ferðabjónusta velferðarsviðs innifelur ferðabjónustu fatlaðs fólks og blindra auk akstursþjónustu aldraðra. Framkvæmd þjónustunnar eru í höndum Strætó bs. samkvæmt þjónustusamningi sem tók gildi 1. janúar 2015. Árið 2017 var rekstur ferðabjónustunnar 120 mkr umfram fjárheimildir eða 14%. Árið 2018 fengust kjarabætur uppá 23 mkr í ramma auk viðbótarfjármagns 80 mkr eða samtals 102 mkr. Því er ljóst að enn vantar fjármagn í rekstur ferðabjónustunnar eða um 18 mkr á ári.

Meðfylgjandi er nánari umfjöllun um áhættur í rekstri:

1) Liðsaukinn - færanleg stuðningsþjónusta

Liðsauki er hreyfanleg búsetuþjónusta við fatlaða einstaklinga sem ekki geta nýtt sér hefðbundið íbúðakjarnafyrirkomulag. Með erindisbréfi þann 8. janúar 2018 var skipaður starfshópur til að greina faglegar forsendur liðsauka og gera tillögu að stofnun nýs liðsauka fyrir austurhluta borgarinnar. Tillaga hópsins er að hafa tvö teymi liðsauka starfandi í borginni og auka hlutfall fagfólks í teymunum. Við þessa breytingu á að auka þjónustu og gera hana einstaklingsbundnari en verið hefur. Kostnaður við rekstur tveggja teyma er áætlaður rúmlega 365 mkr á ári en núverandi fjárheimild er 98 mkr. Kostnaðarauki er því metinn um 268 mkr á ári.

2) Stöðugildi forstöðumanns Þingvað/Móvað

Endurskipuleggja þarf fyrirkomulag stjórnunar í sértæku húsnæðisúrræðum fyrir börn að Þingvaði og Móvaði. Þegar rekstur þessara úrræða hófst var gert ráð fyrir sameiginlegum forstöðumanni. Hins vegar, til að mæta stuðningsþörfum þessara barna þarf mjög mikla sérhæfingu. Um ólíkan hóp er að ræða en í Móvaði búa fjölfötluð og langveik börn sem þarfnast mjög sérhæfðrar umönnunar. Í Þingvaði búa börn með flóknar samsettar fatlanir s.s. einhverfu, þroskahömlun og hegðunarvanda og því er um mjög ólíkar stuðningsþarfir að ræða. Mikilvægt er að forstöðumaður hafi faglega forystu á heimilinu en erfitt er að finna fagmann sem hefur sérhæfingu á báðum sviðum. Einnig er mikilvægt að forstöðumaður sé virkur þátttakandi í þjónustuteymum og nærteymum barnanna og því er lagt til að ráðinn verði nýr forstöðumaður í Þingvað sem hefur sérþekkingu á einhverfu, þroskahömlun og hegðunarvanda. Launakostnaður er áætlaður um 12 mkr á ári.

3) Vinnumiðuð stoðþjónusta - nýtt úrræði

Í sértækum húsnæðisúrræðum hjá Reykjavíkurborg eru til staðar vandamál tengd ákveðnum hópum fatlaðs fólks með virkniúrræði á hæfingarstöðvum. Um er að ræða unga karlmenn með flóknar samsettar skerðingar, menn sem hafa flóknar þjónustuþarfir og eru með krefjandi hegðun. Þetta hefur leitt til þess að í sumum tilfellum er ekki hægt að bjóða þeim upp á almennar hæfingarstöðvar eða þeir hafa fengið tilboð og síðan verið hafnað þegar upp koma erfiðleikar. Sá hópur sem hér um ræðir þarf mjög sérhæfða þjónustu og tengsl starfsmann og notenda eru lykilforsenda þess að traust myndist. Mikið álag hefur verið á hæfingastöðvum vegna þeirra notenda sem hér hafa verið nefndir og er mikilvægt að bregðast við með einhverjum hætti. Vilji er til að opna smíðastofu sem hefur verið reynd í Kópavogi og gefið mjög góða raun þar. Til að hægt væri að sinna starfseminni þyrfti 1,5 stöðugildi umsjónarmanns með smíðastofunni auk þess sem starfsmenn sértækra búsetuúrræða myndu fylgja einstaklingum í úrræðið. Kostnaður við umsjónarmann smíðaverkstæðis er áætlaður 15 mkr á ársgrundvelli.

4) Breytingar á M20

Fyrirhuguð er breyting á sértæku húsnæðisúrræðinu að Miklabraut 20 þannig að úrræðið flytji í nýtt húsnæði og verði íbúðakjarni í stað herbergjasambýlis. Samhliða þessari breytingu er gert ráð fyrir breytingum á mönnun og vaktatöflu. Umfang þeirra breytinga liggur ekki fyrir að svo stöddu, en fyrirhuguð er að starfshópur skili tillögu um framtíðarform úrræðisins í byrjun maí.

5) Nýtt úrræði

Gert er ráð fyrir nýju sértæku húsnæðisúrræði fyrir tvígreindar konur þ.e. konur með geðfötlun og fíknivanda. Miðað er við íbúðakjarna og er gert ráð fyrir sambærilegum rekstri og á Miklubraut 20. Unnið er að kostnaðarmati.

6) Næturvaktir

Þörf er á að styrkja næturvaktir í íbúðakjörnum velferðarsviðs og koma á tvöföldum næturvöktum til að auka öryggi íbúa sem og starfsmanna. Til að byrja með er vilji til að styrkja næturvaktir á þeim heimilum þar sem börn eru. Því er lagt til að byrja á að fjölga starfsmönnum á næturvakt í Þingvaði, Mónaði og á skammtímavistunum fyrir börn, alls um 6 næturvaktir. Áætlaður kostnaður á hverja næturvakt er um 16 mkr á ári og heildarkostnaður því um 94 mkr á ársgrundvelli.

7) Fræðsla starfsmanna

Um er að ræða fjölgun námskeiða fyrir starfsfólk, úthlutun styrkja fyrir ráðstefnur erlendis og fjármögnun námsleyfi. Kostnaður er áætlaður um 29 mkr.

8) Upplýsinga- og kynningarmál

Vegna mikillar manneklu er nauðsynlegt að ráðast í auglýsingarherferð á næstu árum til að gera velferðasvið að eftrisóttum vinnustað. Nauðsynlegt þykir að styrkja auglýsinga- og markaðsmál. Kostnaður er áætlaður um 18 mkr en þar af er gert ráð fyrir um 9 mkr vegna stöðugildis samskipta/upplýsingafulltrúa.

9) Veikindapottur - langtíma veikindi starfsstaða fyrir utan búsetu

Gert er ráð fyrir stofnun veikindapotts til þess að fjármagna langtímaveikindi önnur en starfsmanna búsetuúrræða. Í mörgum tilfellum er talið nauðsynlegt að ráða inn fyrir starfsmann sem er frá vinnu vegna langtímaveikinda. Erfiðlega hefur gengið að áætla fyrir slíkum útgjöldum innan starfsstöðva velferðarsviðs og hafa langtímaveikindi því alla jafnan myndað frávik frá áætlun. Í núverandi áætlun velferðarsviðs er ekki gert ráð fyrir útgjöldum vegna langtímaveikinda. Umfang fyrirhugaðs langtímaveikindapotts er áætlaður um 85 mkr en miðað er við fjölda stöðugilda í langtímaveikindum utan búsetuúrræða árið 2017. Það árið voru 10,6 stöðugildi í langtímaveikindum að jafnaði í hverjum mánuði.

10) Samræming opnunartíma skammtímavistanna

Samræma þarf opnunartíma skammtímavistana á sumrin en opnunartími hefur ekki verið sá sami á milli úrræða. Áætlaður kostnaður breytinga er metinn 49 mkr.

11) Skólaþjónusta í Breiðholti v. barna af erlendu bergi

Þjónustumiðstöð Breiðholts hefur áhuga á að fara af stað með verkefni í tveimur leikskólum þar sem mikið er um börn af erlendum uppruna. Málþroski þessara barna getur verið töluvert á eftir íslenskum jafnöldum þeirra og því mikilvægt að vinna með þeim til að ná upp eðlilegum málþroska. Stuðningsþjónustan mun veita markvissa þjónustu á heimilum ásamt samfelldum stuðning milli þjónustupátta. Áætlaður kostnaður á ársgrundvelli er um 10 mkr.

12) Aðgerðaráætlun í innflytjendamálum (Menningarmiðlari)

Um er að ræða tilrauna- og nýsköpunarverkefni til tveggja ára vegna vinnu með flóttafólki sem býr í Reykjavík og stuðlar að því að þróa enn frekar þjónustu við þennan fjölbreytta hóp. Um er að ræða nýja nálgun á vinnu með flóttafólki þar sem menningarmiðlarar af erlendum uppruna ásamt fagfólki vinna saman að þjónustu við flóttafólk. Hugmyndin er að stofna teymi fagfólks sem vinnur þvert á þjónustumiðstöðvar og barnavernd. Teymið yrði skipað 4 starfsmönnum (3 stöðugildi), tveimur fagaðilum sem hafa góða þekkingu og reynslu af því að vinna með flóttafólki ásamt tveimur menningarmiðlurum í 50% starfi hvor. Heildar kostnaður við teymið er áætlaður 28 mkr á ársgrundvelli.

13) Stjörnumat

Stjörnumat er verkfæri sem nýtist í ráðgjöf og búsetuþjónustu til að styðja við og mæla þær breytingar sem einstaklingur vill gera í sínu lífi og árangur þeirrar vinnu. Svona verkfæri gerir velferðasviði betur kleift að mæla og meta árangur þjónustunnar. Kostnaður fyrir árið 2019 er áætlaður 9 mkr, en inni í því er þýðing á handbók og öðru efni 1 mkr. Námskeið til að þjálfar starfsfólk sem mun sjá um námskeiðin 7 mkr auk ágjalds fyrir 60 notendur inna við 1 mkr. Fyrsta árið fellur allur kostnaður til eða um 9 mkr en árin eftir er einungis greitt árgjaldið.

14) TINNA

Tinna er tilraunaverkefni með það að markmiði að veita einstæðum foreldrum, sem hafa fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu og eru með langvarandi félagslegan vanda, og börnum þeirra fjölpætta þverfaglega þjónustu ólíkra aðila innan félags-, heilbrigðis- og menntakerfisins auk tilboða um virkni og atvinnumiðlun. Verkefnið hefur verið í gangi síðan 2016 og hefur verið styrkt af velferðaráðuneytinu. Fyrir árin 2018 og 2019 á að fjölga þeim einstaklingum sem geta notið góðs af verkefninu í 35 til 40 einstaklinga og um 80 börn en einnig verða teknir inn foreldrar sem fá greiddar örorkubætur. Áætlaður kostnaður velferðasviðs er áætlaður 45 mkr á ári en á móti kemur styrkur upp á 20 mkr á ári frá velferðaráðuneytinu 2018 og 2019. Kostnaður velferðasviðs er því 26 mkr á ári fyrir árin 2018 og 2019.

15) Hálf stöðugildi v. Laugarásverkefnisins

Samkvæmt samningi milli velferðasviðs og geðsviðs Landspítala Háskólasjúkrahúss vegna Laugarássins meðferðargeðdeildar og íbúðakjarna og búsetuendurhæfingar í Laugardals og Háaleitishverfum hefur velferðasvið skuldbundið sig til að bæta við háflu stöðugildi stuðningsráðgjafa í búsetuþjónustu á árinu 2020. Áætlaður kostnaður vegna þessa hálfa stöðugildis er 5 mkr á ári.

16) Framleiðslueldhús - nýtt húsnæði og stækkun

Framleiðslueldhúsið að Lindargötu sér um að framleiða mat í heimahús og móttökueldhús félagsmiðstöðva velferðasviðs víðsvegar um borgina. Til að auka úrval af réttum sem hægt er að velja úr á dag og þannig koma til móts við mismunandi þarfir notenda þarf að fjölga stöðugildum. Fullt stöðugildi matreiðslumanns þarf að koma til og hálf stöðugildi starfsmanns framleiðslueldhúss. Áætlaður kosnaður á ári er um 14 mkr.

17) Stoðþjónusta fyrir eldri borgara

Til að viðhalda og bæta flæði í þjónustukeðju velferðarsviðs er nauðsynlegt að farið verði í uppbyggingu á dagdvöl fyrir aldraða fatlaða einstaklinga og einstaklinga sem fá hamlandi öldrunareinkenni fyrir á æviskeiðinu, sem oft er reyndin þegar um fatlaða einstaklinga er að ræða. Aldraðir fatlaðir einstaklingar sem hafa verið í vinnumiðaðri stoðþjónustu hafa ekki getað nýtt sér hefðbundin dagdvalarræði og hafa því sótt þjónustu í hæfingartengdum úrræðum. Það hefur hamlað flæðinu innan þjónustukeðjunnar sem og myndað vöntun á rýmum í hefðbundnum hæfingartengdum úrræðum. Því er lagt til að fjölga dagdvalarrýmum fyrir fatlaða aldraða einstaklinga um 10 á árinu 2019 og er árlegur kostnaður þess metinn 57 mkr.

18) Opnunartími félagsmiðstöðva

Undanfarin ár hafa nokkrar félagsmiðstöðvar velferðarsviðs verið lokaðar í 4-5 vikur á sumrin en aðrar hafa haft opið. Þessum sumarlokunum hefur verið mótmælt af notendaráðum félagsmiðstöðvanna og hverfaráðum og hafa þau óskað eftir því að sumarlokanir verði endurskoðaðar. Áætlaður kostnaður við að afnema sumarlokanir er um 4 mkr á ársgrundvelli.

19) Gistiskýlið

Gert er ráð fyrir opnun á nýju neyðarskýli fyrir 15 notendur ásamt dagúrræði. Verið er að meta rekstrarkostnað við breytingar en kostnaðarmat mun liggja fyrir í byrjun maí.

20) Foreldranámskeið – Peers

Á árinu 2016 sóttu starfsmenn velferðarsviðs ásamt starfsmönnum BUGL og Greiningar- og ráðgjafamiðstöðvar ríkisins námskeið um PEERS sem er gagnreynt félagsfærninámskeið fyrir börn og ungmenni með einhverfu. Ekki hefur reynst fjárhagslegt svigrúm til að innleiða þetta námskeið á þjónustumiðstöðvum en mikil þörf er á slíku námskeiði. Áætlaður kostnaður við innleiðingu námskeiðanna á þjónustumiðstöðvum er um 7 mkr á ársgrundvelli.

21) Túlka og þýðingþjónusta

Kostnaður vegna túlka- og þýðingarþjónustu hefur verið að aukast með auknum fjölda innflytjenda þrátt fyrir mikið kostnaðaraðhald. Á árinu 2017 var kostnaður um 8 mkr umfram fjárheimildir. Gert er ráð fyrir því að sá kostnaðarauki verði einnig til staðar á árinu 2019.

22) Dagdvöl - efri byggð

Dagdvalir eru mikilvæg stuðningsúrræði fyrir aldraða sem búa í heimahúsum. Markmið dagdvala er að rjúfa félagslega einangrun aldraðra og stuðla að því að þeir geti búið lengur heima. Í dag rekur Reykjavíkurborg tvær dagdvalir annars vegar að Vesturgötu 7 og hins vegar að Lindargötu 79 og er pláss fyrir 58 einstaklinga í senn í þessum tveimur dagdvölum. Þar sem þessar dagdvalir eru báðar mjög vestarlega í borginni er orðin brýn nauðsyn til að fjölga dagdvalarrýmum í efri byggðum. Velferðarsvið metur þörfina eftir dagdvalarrýmum í efri byggðum sem 30 rými. Heildarkostnaður við þessi 30 rými yrði um 80 mkr á ári en á móti kæmu daggjöld frá ríkinu. Áætlanir gera ráð fyrir að daggjöldin gætu numið um 71 mkr á ári og kostnaður Reykjavíkurborgar yrði því um 9 mkr á ársgrundvelli.

23) Aukning stöðugilda í skólaþjónustu

Frá stofnun þjónustumiðstöðva og þar til ársins 2018 hefur stöðugildum í skólaþjónustu velferðarsviðs fjölgað óverulega eða um tvö stöðugildi þrátt fyrir mikla þjónustubörf. Skóla- og frístundasvið, sem kemur að þessari þjónustu, samþykkti á árinu 2018 að kosta 5 stöðugildi hegðunarráðgjafa og 5 stöðugildi talmeinafræðinga sem mikil þörf var á. Þrátt fyrir þetta hafa biðlistar eftir þjónustu verið langir. Þann 1. apríl 2018 biðu alls 756 börn eftir skólaþjónustu í borginni. Velferðarsvið telur þörf á að fjölga um 5 stöðugildi kennsluráðgjafa á árinu 2019 og 4 stöðugildi sérkennsluráðgjafa á árinu 2019 til þess að viðhalda viðunandi þjónustustigi. Kostnaður þessarar aukningar yrði um 39 mkr á árinu 2019 og við þær myndu svo bætast um 31 mkr árið 2020.

Agnes Sif Andrésdóttir
skrifstofustjóri fjármála og rekstrar